

Leikn

Samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi



Skýrsla stjórnar lögð fyrir 11. aðalfund Leiknar, 27. maí 2015

Eftirfarandi eru helstu viðfangsefni og viðburðir í starfi Leiknar á starfsárinu 2014-2015.

1. Aðalfundur Leiknar 2014

Aðalfundur Leiknar 2014, samtaka fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi, var haldinn í sal BSRB að Grettisgötu 89, fimmtudaginn 22. maí 2014. Á fundinum voru alls 23 fulltrúar fimmtán félagsaðila mættir. Kosið var um formann og komu tveir nýir inn í stjórn sem varamenn, þær Sólveig H. Björnsdóttir og Guðrún Vala Elísdóttir. Úr stjórn gengu Iðunn Antonsdóttir og Anna Lóa Ólafsdóttir.

Stjórn Leiknar var þannig skipuð starfsárið 2014-2015:

Eyrún Valsdóttir – formaður

Hildur Betty Kristjánsdóttir – varaformaður

Hulda Arnljótsdóttir – ritari

Guðrún Lárusdóttir – gjaldkeri

Smári Haraldsson – meðstjórnandi

Sólveig H. Björnsdóttir - varamaður

Guðrún Vala Elísdóttir – varamaður

Ákveðið var á fundinum að varamenn tækju þátt í öllum fundum. Stjórn Leiknar hélt fjóra bókaða fundi á starfsárinu, þar af einn vinnudag í Reykjavík í september, þar sem vetrarstarfið var skipulagt. Að auki fóru fram nokkrir óformlegir fjarfundir ásamt því að mál voru afgreidd í gegnum tölvupóst. Vegna veðurs og anna varð mikið um rafræna afgreiðslu mála, helst voru þetta samskipti er varða fjarfundi og skipulag þeirra.

Hér á eftir fara helstu verkefni stjórnar, starfsárið 2014 – 2015.

2. Helstu verkefni stjórnar

2.1. Fræðsluerindi í fjarfundum

Haldnir voru sjö fjarfundir á síðasta starfsári og er þetta annað árið sem fjarfundir eru haldnir. Þeir hafa gefist mjög vel og almenn ánægja er með þá. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið okkur innan handar, lánað okkur búnaðinn og aðstoðað okkur við tæknimálin. Færum við þeim sérstakar þakkir fyrir.

Fjarfundir voru haldnir í október, nóvember, desember, janúar, febrúar, mars og apríl. Á fundina voru boðaðir forstöðumenn og starfsmenn þeirra aðila sem aðild eiga að Leikn. Þátttakendur voru á bilinu 13 – 33. Fyrirlestrana má nálgast á heimasíðu Leiknar.

Efni fjarfundanna var fjölbreytt. Í október fjallaði Haukur Harðarson hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um hvaða breytingar séu að verða innanlands varðandi nýjar greinar í raunfærnimati. Haukur fór yfir tölulegar upplýsingar, ásamt því að segja frá könnun á gengi í skólum eftir raunfærnimat. Þá tengdi hann einnig umfjöllunina við Evrópu og Norðurlöndin.

Í nóvember hélt Sigríður Huld Jónsdóttir, aðstoðarskólameistari VMA erindi sem bar yfirskriftina „*Hlakka til að mæta í skólann á hverjum degi*“ – þótt ég sé 36 ára gömul! Þar fór hún yfir mikilvægi þess að nemendur geti komið inn í framhaldsskólana óháð aldri. Einnig kom hún inn á samstarf Símeypjar og VMA og hvaða verkefni stofnanirnar hafa unnið saman að síðustu ár.

Í desember kynnti Erla Björg Guðmundsdóttir forstöðumaður Símeypjar, þróunarverkefni um eflingu verk- og tæknináms á Norðurlandi. Þar fjallaði hún um tengsl atvinnulífs og menntunar og mikilvægi þess að ná til fólks sem er eingöngu með grunnmenntun og laða það að námi og störfum í tæknigeiranum.

Eftir áramót réð Hildur Betty Kristjánsdóttir verkefnastjóri og ráðgjafi hjá SÍMEY, á vaðið og fjallaði um doktorsverkefnið sitt, *Raunfærnimat á Íslandi, ávinningurinn fyrir einstaklinga í lífi og starfi*. Þar kom hún inná mikilvægi raunfærnimats fyrir einstaklinginn og sagði jafnframt frá áframhaldandi vinnu, en markmið hennar er að taka viðtöl við 30 einstaklinga sem fóru í raunfærnimat á árunum 2007 til 2013.

Í febrúar var það svo Margrét Sverrisdóttir verkefnisstjóri hjá Rannís sem kynnti **Erasmus+** sem er ný mennta- æskulýðs og íþróttáætlun ESB. Erasmus+ veitir aðilum sem koma að menntun á öllum skólastigum einstakt tækifæri til að taka þátt í Evrópusamstarfi, efla tengsl við Evrópu og fylgjast með og miðla nýjungum í fræðslustarfi. Þá mun hún einnig kynna nýja vefgátt EPALE sem er fyrir fagaðila í fullorðinsfræðslu í Evrópu

Lykilfærni í atvinnulífi á 21. öldinni var svo til umfjöllunar í mars og þá var það Sigríður Hulda Jónsdóttir framkvæmdastjóri hjá SHJ ráðgjöf sem kynnti þá þverfaglegu færniþættir sem vinnuveitendur telja mikilvægasta þegar þeir ráða starfsmenn í vinnu. Fjallað var um áherslur atvinnurekenda á færniþættina, samspil þeirra og tengingu við starfsánægju, styrkleika og trú á eigin færni.

Við lukum svo dagskrá fjarfundanna með því að fjalla um evrópska sýn á neðri þrep íslenska hæfnirammans og álitamál um þróun fullorðinsfræðslu. Hulda Anna Arnljótsdóttir, framkvæmdastjóri Starfsmenntar, sagði frá umræðum, álitamálum og þælingum sem átt hafa sér stað á á evrópskum vettvangi og héraðs um neðri þrep íslenska hæfnirammans um nám, störf og starfsþróun en fjölmargir hagsmunaaðilar taka nú þátt vinnuhópum til að ræða framkvæmd og innleiðingu rammans. Þá var einnig sagt frá álitamálum og áskorunum sem fullorðinsfræðslan stendur frammi fyrir erlendis.

2.2. Niðurstöður aðalfundar Leiknar 2014

Stjórnin hélt vinnufund í september þar sem farið var yfir hugmyndir sem komu fram á síðasta aðalfundi Leiknar. Á aðalfundinum voru lagðar fyrir þrjár spurningar og fundarmenn beðnir um að svara þeim. Þetta voru:

- Hvernig opnum við vettvanginn betur og verðum sýnilegri?
- Hvernig eflum við fagmennsku í fullorðinsfræðslu?
- Hvernig sinnum við betur nýsköpun í fullorðinsfræðslu?

Hver fundarmaður á aðalfundinum, fékk gula „post-it“ miða til að skrifa á sem svo voru límdir á karton, undir hverri spurningu. Margar mjög góðar tillögur komu fram og einhverjar þeirra hafa þegar hlotið brautargengi. Leikn hefur haldið fjarfundi og reynt að miðla því sem efst er á baugi hverju sinni. Þá hefur verið kallað eftir efni frá félagsmönnum en því miður hefur verið fátt um svör. Umræðan um að fjölga félögum var einnig til umræðu hjá stjórn en ákveðið að bíða með þá vinnu og sjá hverju fram vindur hjá stjórnvöldum varðandi

fullorðinsfræðslu og skilgreiningu á henni. Ljóst þykir að kynningarmálum sé ábótavant og kom það einmitt fram á aðalfundinum. Einnig var bent á að auka mætti samstarf við atvinnulífið. Þeim þáttum hefur ekki verið sinnt sökum anna stjórnarmanna. Síðast en ekki síst ber að minnast á málþingið á morgun í samstarfi við Kvasi sem er einn liður í að efla tengsl félagsmanna, ásamt því að fræða, en ábendingar um aukið samstarf og aukna fræðslu, voru einmitt atriði sem oft komu fram. Þessir punktar sem komu fram á síðasta aðalfundi hafa verið leiðarljós í umræðu stjórnar og koma til með að nýtast næstu stjórn vel.

2.3. Íslenski hæfniramminn

Nú eru senn liðin tvö ár síðan mennta- og menningarmálaráðuneytið skipaði vinnuhóp sem fara átti yfir hvernig setja mætti óformlegt nám inná íslensku hæfniþreppin. Fulltrúi Leiknar var Hildur Betty Kristjánsdóttir. Þessi hópur var skipaður eftir að fullorðinsfræðsluáðilum hafði verið gefinn kostur á að koma með athugasemdir við íslenska hæfnirammann sem gefinn var út af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Leikn og Kvasir sendu sameiginlega umsögn til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, þar sem m.a. var farið fram á nánari samvinnu og skilgreiningar á hæfnirammaum, til að tryggja eignarhald allra. Ramminn þótti vera of bóknámsmiðaður og ekki nægilega tengdur atvinnulífinu og starfsþróun. Lagt var til að kljúfa fyrsta þrepið í tvennt til að ná yfir þann stóra hóp sem er að læra á því þrepi, eða bæta við einu þrepi til viðbótar. Margir vinnufundir voru á síðasta starfsári. Hópurinn skilaði skýrslu til mennta – og menningarmálaráðuneytisins í febrúar síðastliðinn þrátt fyrir að vinnunni hafi ekki verið lokið. Var það gert í kjölfar þess að mmr úthýsti verkefninu til Rannís, sem nú hefur það verkefni að klára vinnuna og skila skýrslu til MMR fyrir lok árs. Rannís hefur skipað þrjá hópa, einn sem fjallar um 1. þrepið, annan sem fjallar um 4. þrepið og svo einn ráðgjafahóp sem skilar endanlegum tillögum þessara tveggja hópa til ráðuneytisins fyrir árslok. Fulltrúi Leiknar í vinnuhópi um 1. þrepið er Hulda Anna Arnljótsdóttir. Við erum ekki formlega með fulltrúa í hópnum sem fjallar um 4. þrepið og í ráðgjafahópi, fyrir hönd Leiknar.

2.4. Nordic Baltic

Leikn er aðili að norrænum/baltneskum samtökum, Nordic- Baltic. Fundir samtakanna eru einu sinni til tvisvar á ári og haldnir á mismunandi stöðum. Leikn sótti slíkan fund sem haldinn var í Osló 16. og 17. mars 2015. Viðfangsefni fundanna er að tengja félagsmenn og

miðla upplýsingum um það sem efst er á baugi í hverju landi fyrir sig. Fulltrúar íslensku, sænsku, norsku, finnsku, eistnesku og dönsku félaganna sögðu frá áherslum fullorðinsfræðslu. Alls sóttu 13 aðilar fundinn. Norrænu samtökin eru aðilar að evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum EAEA og eiga þar þrjá fulltrúa í stjórn: Per Paludan Hansen (formaður) frá Danmörku (kosinn 2013 í Leicester, UK. Í stjórn EAEA frá 2008), Amelie von Zweigbergk frá Svíðþjóð (kosin 2013 í Leicester, UK) og Tapio Kujala frá Finnlandi (kosinn 2013 í Leicester, UK). Danmörk verður gestgjafi Nordic-Baltic fundar 2016, stefnt er að fundi í mars eða apríl. Frá Leikn fóru Guðrún Lárusdóttir og Sólveig H. Björnsdóttir.

2.5 NVL – mat á þekkingu og færni

Leikn hefur tekið þátt í samstarfsverkefnum innan Nordisk Netværk for Voksnes Læring (NVL) sem tengt er þróun raunfærnimats í löndunum. Eitt verkefni fór af stað í lok árs 2013 þar sem skilgreindir eru svokallaði „Bónus-kompetansar“ sem yfirheiti yfir þá hæfni sem nýtist öllum þvert á störf og daglegt líf, og sem styðja við uppbyggingu lýðræðislegra vinnubragða og virka samfélagslega þátttöku. Litið er svo á að fullorðinsfræðslan geti verið leiðandi í að kenna og þjálfra hæfni sem kemur öllum hópum til góða og hefur samfélagslega skírskotun. Fimm fundir hafa verið haldnir og fjölmargir hæfniþættir verið greindir og flokkaðir saman. Hinsvegar hefur orðið „bónus“ ekki þótt heppilegt þar sem það gefur til kynna valkvæða viðbót en þeir hæfniþættir sem hópurinn hefur unnið með eru grundvallar - hæfni sem fullorðnir verða að þekkja til sem sameiginleg gildi og meginstoðir norræna samfélaga. Verkefnið hefur því þróast frá þessum valkvæðu hæfniþáttum yfir í hvernig fullorðinsfræðslan getur stutt við og þjálfað lykilhæfniþætti, skilgreinda bæði á evrópskum og innlendum vettvangi. Fyrirhugað er að gefa út kynningarrit um sérstöðu fullorðinsfræðslu hvað varðar kynningu, þjálfun og innleiðingu á lykilhæfniþáttum sem tengjast lýðræðislegum vinnubrögðum, mannréttindum og jafnrétti. Hópurinn mun standa fyrir vinnustofu á norrænni ráðstefnu 2015 til að safna frekari gögnum en stefnt er að útgáfu kynningarefnis í byrjun árs 2016. NVL kostar verkefnið að mestu leyti og fulltrúar Leiknar hafa verið Hildur Betty Kristjánsdóttir sem sótti tvo fyrstu fundina og Hulda Anna Arnljótsdóttir sem tók síðan við.

2.6 Beiðni til ráðuneytis um aðkomu Leiknar í verkefnahópi um fullorðins- og framhaldsfræðslu

Í lok síðasta árs var stofnaður verkefnahópur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem hafði þann tilgang að móta tillögur að úrbótum og breytingum á námsframboði fyrir fullorðna sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla. Hópurinn á að skila tillögum að heildstæðu kerfi náms sem gefur fullorðnum nemendum möguleika á að ljúka námi með tilliti til hækkaðs menntunarstigs, eigin starfsþróunar og námi sem hefur skilgreind námslok. Með hliðsjón af hlutverki Leiknar, markmiðum og tilgangi, var farið formlega fram á að Leikn yrði þátttakandi í þessum verkefnahópi en beiðninni var því miður ekki svarað og Leikn því ekki boðin þátttaka.

F.h. stjórnar Leiknar,
Eyrún Valsdóttir, formaður.

Félagsaðilar Leiknar árið 2014-2015

1. Austurbrú
2. Endurmenntun Landbúnaðarháskóla Íslands
3. Farskólinn-miðstöð símenntunar
4. Félagsmálaskóli alþýðu
5. Framvegis – miðstöð símenntunar
6. Viska – fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja
7. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins
8. Fræðslumiðstöð Vestfjarða
9. Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi
10. Fræðslusetrið Starfsmennt
11. Námsflokkar Hafnarfjarðar – Miðstöð símenntunar
12. IÐAN-Fræðslusetur
13. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
14. Mímir-símenntun
15. Námsflokkar Reykjavíkur
16. SÍMEY - Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
17. Símenntunarmiðstöð Vesturlands
18. Þekkingarnet Þingeyinga